

A1920/UKK

Flytjandi Norræna þekkingar- og menningarnefndin
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndartillaga um skýrslu um rannsóknastefnu

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að kynna skýrslu um rannsóknastefnu með áherslu á forgangsattriði og efniviði norræns samstarfs á sviði rannsókna

Skýring

Samkvæmt samstarfsáætlun um menntun og rannsóknir árin 2019-2023 hafa ráðherrar rannsókna í norrænu ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) metnað um að Norðurlönd verði forystusvæði þekkingar í heiminum með því að:

1. Styðja við þverfaglegt rannsóknasamstarf innlendra og norrænna stofnana sem fjármagna vísindastarf.
2. Efla rannsóknasamstarf á mögulegum öndvegissviðum, þar á meðal stefnumarkandi sviðum þar sem samnorrænar aðgerðir geta byggt upp færni og menntun rannsakenda á heimsmælikvarða.
3. Efla samstarf um rannsóknainnviði og samnýtingu þeirra á Norðurlöndum.
4. Stuðla að auknum hreyfanleika, rannsóknanámi og samstarfsnetum um rannsóknir, meðal annars fyrir unga vísindamenn.
5. Stuðla að öflugri vísindastefnu í löndunum með því að miðla þekkingu og reynslu af vísindastefnumótun.

Til að uppfylla þessi meginmarkmið hefur norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir starfað með Norræna rannsóknaráðinu (NordForsk). Starf NordForsk að því að efla norrænt rannsóknasamstarf nýtur fjárveitinga frá Norrænu ráðherranefndinni auka fráveitinga rannsóknaráða í löndunum fyrir rannsóknarverkefni sem NordForsk hefur frumkvæði að. Fjárveiting frá ráðherranefndinni á árinu 2022 nemur rúmlega 108 milljónum danskra króna. Stefnumarkandi umboð NordForsk frá árinu 2017 var ákveðið á fundi embættismannanefndarinnar um menntamál og rannsóknir (EK-U) í desember 2016. Tekið var fram að NordForsk skuli tryggja að þær upphæðir sem aðilar í löndunum



leggja til séu samanlagt að minnsta kosti tvisvar sinnum hærra en sú upphæð sem ráðið veitir (1/3 NordForsk, 2/3 fjármögnun í löndunum).

Samkvæmt umboði NordForsk er hlutverk ráðsins að vera samstarfsvettvangur stofnana í löndunum sem fjármagna rannsóknir. NordForsk á ennfremur að undirbúa rannsóknaverkefni í samræmi við áherslur fjármögnunarstofnana rannsókna í löndunum. Getur það leitt til þess sem eftirlitsnefndin bendir á í skýrslu um stofnunina, en það er að þrátt fyrir að fjárveitingar NordForsk komi að miklu leyti frá Norrænu ráðherranefndin þá hafi hvorki Norðurlandaráð né ráðherranefndin mikil áhrif á hvernig rannsóknaféð nýtist. Eftirlitsnefndin telur jafnframt hættu á að almennar áherslur ráðherranefndarinnar og ráðsins rati ekki í rannsóknáætlanir ef ekki finnst hljómgrunnur fyrir þeim hjá rannsóknaráðum landanna.

Ráðherranefndin kynnti síðast skýrslu um rannsóknarstefnu á þingi Norðurlandaráðs 2017. Skýrslan var tæknilegs eðlis og lýsir því hvernig rannsóknarsamstarfinu var háttað og Norðurlandaráð kunnir að meta að fá þær upplýsingar. Norðurlandaráð óskar nú eftir því að gerð veri skýrsla sem er meira en viðbót við skýrsluna frá árinu 2017 sem NordForsk tók þátt í að semja. Slík skýrsla ætti að leggja meiri áherslu á viðfangsefni rannsóknarsamstarfsins en hvernig því er háttað.

Skýrslan ætti að gefa svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvað þarf til að Norðurlönd uppfylli markmið sín um að vera leiðandi þekkingarsvæði á heimsvísu?
- Hver er forgangsröðun NordForsk síðustu árin?
- Hver er forgangsröðun NordForsk á komandi árum? Hvernig vinnur NordForsk við að leita uppi rannsóknarefni á Norðurlöndum og í Evrópu án þess að það skarist á við innlend verkefni og verkefni innan ramma ESB?
- Hvernig lítur NordForsk til markmiða *Norræns notagildis* hvað varðar auglýsingar og mat á rannsóknarverkefnum?
- Hvernig nýtist starf NordForsk við að uppfylla Framtíðarsýnina 2030? Er samhljómur á milli markmiða Framtíðarsýnarinnar 2030 og markmiða rannsóknarráða einstakra ríkja hvað varðar norræna samvinnu á sviði rannsókna?
- Hvernig nýtist starf NordForsk við að uppfylla sjálfbærnimarkmið SP?
- Hvaða samhljómur er á milli rannsóknaráætlunar NordForsk og rannsóknaráætlunar ESB?
- Hvaða kosti og galla sér NordForsk við pólitísk áhrif í rannsóknarverkefnum samanborið við að gæta þar pólitísku hlutleysis? Þarf að gera breytingar eða bæta einhverju við til að uppfylla bæði þarfir rannsóknarsviðsins, almennings og stjórnmalanna?
- Hvernig tengist norrænt samstarf um rannsóknir, nýsköpun og atvinnulíf saman? Lýsinguna má skýra með dæmum um samstarfið milli Nordforsk, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsókna?
- Hvernig er samstarfið milli NordForsk og annarra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar? Norræna þekkingar- og menningarnefndin lýsir eftir



beinum dæmum um samstarfið og hvaða áskoranir og tækifæri felast í samstarfi við önnur svið en ráðherranefndina um menntun og rannsóknir.

- Mun Nordforsk ná markmiði Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir um 2/3 fjármögnun frá rannsóknarráðum landanna? Leggja öll löndin til viðeigandi fjármagn í hlutfalli við stærð þeirra og taka þær allar jafn virkan þátt í því að kalla eftir rannsóknarverkefnum?
- Stjórn NordForsk á samkvæmt samþykktum stofnunarinnar að stefnumótandi/ráðgefandi vettvangur um stefnumál fyrir Norrænu ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir. Hvernig er þetta verkefni skilgreint og hvaða birtingarmyndir hefur það?
- Hvernig virkar nýja fjármögnunarleiðin í tengslum við samstarf við háskólum, þar sem samstarfsstofnanirnar fjórar NORDITA, NIFS, NIAS og NORDVULK geta sótt um styrki?
- Á hvaða hátt er rannsóknarniðurstöðum úr norrænu samstarfi um rannsóknir miðlað þannig að valdhafar og almenningur fái sem best notið þeirra og hvaða er hægt að bæta á þessu sviði?

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) er ein af mikilvægustu stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar sem gera norrænum ráðherrum og þingmönnum kleift að taka ákvarðanir byggðar á staðreyndum. NordForsk er einnig mikilvæg stofnun fyrir einstök norræn lönd, sem endurspeglast í því að hvert landanna leggur fram 2/3 af fjármagni einstakra rannsóknarverkefna. Einnig eru landsbundnar tengingar tryggðar með því í stjórn NordForsk, sem ef skipuð af Norrænu ráðherranefndinni, sitja fulltrúar úr rannsóknarráðum landanna og að NORDHORCS, sem gegnir ráðgjafarhlutverki fyrir NordForsk, skipa stjórnendur rannsóknarráða landanna.

Mikilvægi NordForsk fyrir Norðurlandaráð sást einnig í fjárhagsáætlun ársins 2022, þar sem 4,45 da. kr. var úthlutað til rannsóknar á Covid-19 og samfélagsöryggi. Norræna þekkingar- og menningarnefndin hlakkar til að deila niðurstöðum þessarar rannsóknar þegar þær liggja fyrir.

Eins og áður kom fram kynnti Norræna ráðherranefndin síðustu stefnuskýrslu sína um rannsóknarsamstarfið á árinu 2017. Þekkingar- og menningarnefndin óskar nú eftir því að gerð verði skýrsla sem beinist fremur að viðfangsefnum norræna rannsóknarsamstarfsins.

Danish Technological Institute hefur að beiðni ráðherranefndarinnar og embættismannanefndarinnar menntamál og rannsóknir gert úttekt á NordForsk. Í skýrslunni, sem kynnt var árið 2022, kemur m.a. fram að:
„Almenn niðurstaða okkar er að skipulagslega séð hafi NordForsk staðið sig frábærlega frá árinu 2018. NordForsk hefur uppfyllt meginreglurnar sem Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir samþykkti árið 2018 með því að endurnýja rannsóknir sínar, auka sveigjanleika fjármögnunarleiða og aðlaga aðgerðir sínar enn frekar að forgangsmálum landanna með Open Innovation-kerfinu.



NordForsk er orðið mun sveigjanlegra og hefur því aukið vægi fyrir Norðurlöndin. Frá árinu 2018 hefur NordForsk að mestu leyti uppfyllt væntingar fjármögnunaraðila rannsókna. Við sjáum aukinn sveigjanleika bæði í fjármögnun og framkvæmd rannsóknarverkefna.“

Höfundar úttektarinnar leggja einnig fram ýmsar tillögur, meðal annars að skýra hlutverk NORDHORCS í tengslum við stjórn NordForsk, skýra í stefnumboði NordForsk að rannsóknir sem NordForsk styður skuli stuðla að því að uppfylla Framtíðarsýn 2030, skýra og kynna hugtakið „Norrænt notagildi“ í tengslum við auglýsingar og mat á rannsóknarverkefnum sem eru studdar af NordForsk, auka metnað hvað varðar stefnumarkandi samskipti í tengslum við Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Þekkingar- og menningarnefndin býður þess með eftirvæntingu að fá upplýsingar um hvernig fylgja skuli eftir tillögum greinargerðarinnar.

Nefndin gerir ráð fyrir því að umbeðin skýrsla verði kynnt á þingi Norðurlandaráðs 2023.

Reykjavík, 7. september 2022

<i>Anne Kristine Linnestad (H)</i>	<i>Kathrine Kleveland (Sp)</i>
<i>Aron Emilsson (SD)</i>	<i>Lars Mejern Larsson (S)</i>
<i>Camilla Gunell (ÅSD)</i>	<i>Mikko Kinnunen (cent)</i>
<i>Edmund Joensen (sb)</i>	<i>Minna Reijonen (saf)</i>
<i>Heidi Viljanen (sd)</i>	<i>Outi Alanko-Kahiluoto</i>
<i>Helge André Njåstad (FrP)</i>	<i>(grænum)</i>
<i>Henrik Møller (S)</i>	<i>Veronika Honkasalo (vinstri)</i>
<i>Jette Gottlieb (EL)</i>	<i>Ville Kaunisto (saml)</i>